

Minnisblað

Til: Umhverfis og framkvæmdanefnd
Frá Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Dags. 26. febrúar 2026
Mnr. 2025020024



ÍSAFJARÐARBÆR

Icewater – Sýnitaka í Skutulsfirði innri (Vatnshlot nr. 101-1282-C)

Ísafjarðarbær óskaði eftir tilboðum í sýnatöku og úrvinnslu til staðfestingar á ástandi vatnshlotsins Skutulsfjörður innri (nr. 101-1282-C) vegna vöktunar á gæðapáttum við mat á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi samkvæmt vöktunaráætlun og í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Þar sem vatnshlotið Skutulsfjörður innri er skráð í óvissu kveður samningur við Evrópusambandið á um að framkvæmd sé ástandsgreining á vatnshlotinu, áður en ráðist er í úrbætur á fráveitukerfinu.

Í töflu 1 má finna lista yfir þá gæðapætti sem eru til vöktunar og vöktunartímabil. Í töflu 2 eru tilgreindar sýnatökustöðvar.

Tafla 1. Gæðapættir til vöktunar við mat á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi Skutulsfjarðar innra (nr. 101-1282-C) skv.

| GÆÐAPÆTTIR Í STRANDSJÓ | MÆLIÞÁTTUR OG MÆLIEININGAR | VÖKTUNARTÍMABIL | TÍÐNI INNAN ÁRS | VÖKTUNAR-STÖÐVAR |
|--------------------------------|---|-----------------|---|---------------------------------|
| Líffræðilegir | | | | |
| HRYGGLEYSINGJAR Á MJÚKUM BOTNI | Gæðavísirinn NQI1: Norwegian Quality-Index 1 | 2026 (2030) | Einu sinni | SFI1, SFI2, SFI3, CW_0006 |
| SVIFÞÖRUNGAR | Blaðgræna (µg/l) | 2026 (2030) | Tvisvar sinnum á sex mánaða fresti frá mars til október | SFI1, SFI2, SFI3, SFI4, CW_0006 |
| ÞÖRUNGAR Á HÖRÐUM BOTNI | Tegundasamsetning Skv. ÍST EN ISO 19493:2007 <ul style="list-style-type: none">- Tegundafjölbreytni botnþörunga- Hlutfall grænþörunga (%)- Hlutfall rauðþörunga (%)- Hlutfall tækifæristegunda (%)- Eiginleikar fjörunnar | 2026 (2030) | Einu sinni | SFI5, SFI6, SFI7 |
| Eðlisefnafræðilegir | | | | |
| NÆRINGAREFNI | Nítrat NO ₃ (µmól/l) | 2026 (2030) | Tvisvar sinnum (janúar og febrúar) | SFI1, SFI2, SFI3, SFI4, CW_0006 |
| | Fosfat PO ₄ (µmól/l) | 2026 (2030) | Tvisvar sinnum (janúar og febrúar) | SFI1, SFI2, SFI3, SFI4, CW_0006 |

Tafla 2. Staðsetning sýnatökustöðva í Skutulsfirði innri (nr. 101-1282-C) skv. vöktunaráætlun.

| VÖKTUNARSTÖÐVAR (HEITI) | STAÐSETNING (WGS84, DD) |
|-------------------------|-------------------------|
| CW_0006 | 66,062724, -23,146557 |
| SFI1 | 66.071343, -23.129910 |
| SFI2 | 66.066569, -23.138098 |
| SFI3 | 66.059122, -23.154173 |
| SFI4 | 66.060000, -23.166080 |
| SFI5 | 66.062590, -23.172630 |
| SFI6 | 66.058210, -23.165170 |
| SFI7 | 66.054810, -23.159800 |

Þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir tilboðum barst einungis tilboð frá Náttúrustofu Vestfjarða.

Kostnaðaráætlun frá Náttúrustofu Vestfjarða

Áætlunin nær yfir framkvæmd vöktunar samkvæmt skilgreindum gæðapáttum og vöktunaráætlun, og er hún sett fram hér að neðan.

Hryggleysingar á mjúkum botni

Fjölbreytileiki á mjúkum botni verður metinn skv. gæðavísinum NQ11 á fjórum stöðvum. Gert er ráð fyrir einum sérfræðing og einum aðstoðarmanni í sýnatöku í heilan dag, fæði, akstur, úrvinnsla sýna, efnagreiningar á TOC* setsýni (*val, en ráðlagt) og skýrslugerð.

| Kostnaðarpáttur | Samtals án vsk. |
|--|------------------|
| Undirbúningur og vettvangsferð | 230.000 |
| Ferðakostnaður (akstur, tími í akstri, fæði 1/2 dag) | 24.134 |
| Greiningar sýna | 750.160 |
| Toc setsýni send til efnagreininga* | 130.000 |
| Leiga á bát | 200.000 |
| Samtals: | 1.334.294 |

Sviðförungar

Farið verður í tvær ferðir til mælinga á blaðgrænu a, frá mars til október. Gert er ráð fyrir einum sérfræðingi og einum aðstoðarmanni í ferðirnar ásamt tækja- og ferðakostnaði.

| Kostnaðarpáttur | Samtals án vsk. |
|--|-----------------|
| Undirbúningur og vettvangsferð | 286.000 |
| Tækjakostnaður | 100.000 |
| Ferðakostnaður (akstur, tími í akstri) | 19.332 |
| Samtals: | 405.332 |

Þörungar á hörðum botni

Farið verður á þrjár stöðvar í fjöru í botni Skutulsfjarðar og þær gengnar þar sem lagt er áherslu á að greina tegundafjölbreytni botnþörungna, hlutfall grænþörungna (%), hlutfall rauðþörungna og hlutfall tækifæristegunda ásamt eiginleika fjörunnar á þremur stöðvum. Gert er ráð fyrir tveimur sérfræðingum í úttekt í heilan dag, fæði, akstur, greiningar þörungna á rannsóknarstofu og skýrslugerð. Um 50.000 kr. gætu bæst við kostnað ef þörf verður að senda sýni til greininga hjá öðrum sérfræðingi.

| Kostnaðarþáttur | Samtals án vsk. |
|--|------------------------|
| Undirbúningur og vettvangsferð | 242.600 |
| Ferðakostnaður (akstur, tími í akstri, fæði 1/2 dag) | 24.134 |
| Greiningar sýna | 244.800 |
| Samtals: | 511.534 |

Næringarefni

Næringarefnasýni verða tekin tvisvar sinnum í janúar og febrúar og send til greininga hjá Hafró. Í sömu ferð verða hitastig, selta/leiðni mælt. Gert ráð fyrir einum sérfræðingi í ½ dag í hverri sýnatöku og akstri og greiningu sýna hjá Hafró. Notast verður við bát frá Náttúrustofunni.

| Kostnaðarþáttur | Samtals án vsk. |
|--|------------------------|
| Undirbúningur og vettvangsferð | 244.800 |
| Ferðakostnaður (akstur, tími í akstri) | 9.666 |
| Efnagreining hjá HAFRÓ | 150.000 |
| Samtals: | 404.466 |

Úrvinnsla gagna, skýrslu- og kortagerð

Við úrvinnslu gagna, korta- og skýrslugerð verður unnið úr öllum gögnum og niðurstöðum lýst í skýrslu. Gert er ráð fyrir því að skila einni skýrslu fyrir allar úttektirnar, samtals áætlaður kostnaður við skýrslugerð **1.693.200 kr. án vsk.**

Samtals er áætlaður kostnaður fyrir fyrrgreindar rannsóknir **4.348.826 án vsk.**

Mat á tilboði

Á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2026 er veitt fjárheimild að fjárhæð 20 m.kr. vegna ICEWATER-verkefnisins. Sú fjárheimild tekur til alls kostnaðar sem fellur til vegna verkefnisins á árinu. Af heildarkostnaði er gert ráð fyrir að 70% séu greidd með styrk frá Evrópusambandinu, en 30% falli á Ísafjarðarbæ. Áætlað er á þessu ári verði stærstu kostnaðarliðirnir, sýnataka í pollinum og ráðgjafa vinna fyrir hönnun.

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun ICEWATER-verkefnisins, sem byggir á þeirri áætlun sem sett var fram upphaflega í viðkomandi verklíð. Samkvæmt henni er áætlað að kostnaður vegna sýnatöku nemi 6 m.kr.

lagt er til að tilboð Náttúrustofu Vestfjarða verði samþykkt og að starfsmanni nefndarinnar verði falið að ganga frá samningum við Náttúrustofu Vestfjarða.